



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 10.tbl.

Nóvember 2013

Dagur íslenskrar tungu!

Föstudaginn 15. nóvember munum við vera með hátíðardagskrá í tilefni af Degi íslenskrar tungu.

Þemað er saga Þjórsárskóla þar sem 2013 er afmælisár skólans.

**Af því tilefni er öllum sveitungum
boðið á skemmtun í Árnesi kl. 20.00.**

Eftir skemmtunina verður öllum boðið upp á kaffi.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. des. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Nýjar bækur komnar!

Opið öll fimmtudagskvöld

kl.20:00—22:00.

S: 486-5505 www.gegnir.is

bokasafn@skeidgnup.is



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:


Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Kæru veiðiréttshafar í og við Þjórsá.

Nú er eitt besta veiðiár í sögu Þjórsár lokið, aldrei eins og nú er mjög nauðsynlegt að allir sem veitt hafa í ánni og í þverám hennar, sem ekki eru starfandi félög eða deildir skili inn veiðitölum, svo hægt sé að sjá hvað veiðst hefur úr hinum stóru göngu- stofnum árinna, þá er sama hvort veitt er í net eða á stöng. Hægt er að senda tölvupóst á magnus.johannsson@veidimal.is eða hringja í Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild í síma 580 6320. Aldrei fyrr hafa gengið eins margir fiskar upp laxa- stigann við Búða eins og í sumar alls gengu um 2000 fiskar, en að meðaltali undanfarin ár hafa gengið 500 til 600 fiskar upp stigann við Búða. Þetta hefur komið vel fram í mjög mikilli veiði á öllu vatnasvæðinu.

Ég vona að allir skili inn veiðiskýrslum sem allra fyrst. Félagið er að vinna að arðskrá fyrir allt vatnasvæðið og eru veiðitölur og veiðireynsla eitt af grunnögnum sem notað er við gerð arðskrár. Félagið innheimtir smá gjald fyrir hvern veiddan fisk sem er nú kr. 90,- Þetta gjald er notað til að kosta rekstur félagsins m.a. vinnu við arðs- krángerðina sem allir eiga eftir að njóta við lok hennar.



Með von um skjót viðbrögð.
Oddur Guðni Bjarnason form. VP

Leið 76

**Strætó fer frá Árnesi
kl. 16:22 að Flúðum**

**Ath. að Strætó fer
um svipað leiti á
Selfoss frá
Flúðum!**

**Ný leið
um Árnes**

með Strætó

Uppl. hjá

www.straeto.is

ALLA VIRKA DAGA - tvisvar á dag.

Frá Árnesi	kl. 7:27 og 16:22
Frá Sandlækjarholti	kl. 7:34 og 16:29
Frá Sandlækjarholti	kl. 7:36 og 16:31
Koma í Árnes	kl. 7:43 og 16:38

**Farið frá Félagsheimilinu Árnesi
(strætómerkinu!)**

**Fjölbrautarskólanemendur og aðrir geta geymt bíla
sína á planinu við Félagsheimilið, nóg pláss!**

**Frekari upplýsingar veittar á skrifstofu í Árnesi eða
www.straeto.is**

Fargjöld greidd í Leið 72

SKEMMTIDAGUR SAUÐKINDARINNAR!




Fjárræktarfélag Gnúpverja blæs til fjáröflunar fyrir félagið, svo hægt sé að hafa fleiri skemmtilegar upptækingar tengdar blessaðri sauðkindinni. Komum saman í Sandlækjarkoti í fjölnota húsinu hans Didda, laugardaginn 23. nóv. kl. 13.00 eh. Syngjum, fræðumst, leikum okkur saman og segjum sögur. Jafnvel von á einhverjum leyniatriðum þegar fjör færast í leikinn.

Kjötsúpa, kleinur og kaffi verða seld á staðnum. (ath enginn posi .) Óskað er eftir fallegum og skrautlegum kindum til að gleðja auga gesta, krakkar og fullorðnir, kíkíð í fjárhúsin ykkar, og endilega skrá féð inn í síðasta lagi 20. nóv. (vegna stíufjölda) til Þóru í Haga s. 847-2930 thora29@gmail.com og Sigrúnar í Fossnesi s. 486-6079 fossnes@uppsveitir.is Allskonar keppnir í gangi og verðlaun í boði.

Allir velkomnir því maður er
manns gaman.

Stjórn Fjárræktarfélags



Matarsmiðjan minnir á sig!

Minnum á vítamín og „þynnku drykkinn“ B.OKAY sem nú er til sölu í flestum 10/11 verslunum og er væntanlegur á fleiri staði, sem og heilsudrykkinn Íslandus sem meðal annars er unninn úr mysu og mun verða seldur í heilsuvöruverslunum og sem „matar minjagripur“ í ferðamannaverslunum. Minnum einnig á FB síðuna okkar: www.facebook.com/Matarsmidjan Hlökkum til að sjá ykkur, Ingunn í Matarsmiðjunni.



Safnahelgi á Suðurlandi - Safnarasýning í Árnesi!

Mikið var um að vera á Suðurlandi helgina 1. 3 nóv s.l. Sýningar, viðburðir, stórir og smáir. Þetta var skemmtileg tilbreyting á haustdögum.

Venja er að halda formlega opnun einhvers staðar á svæðinu og í þetta skiptið var hún haldin í Félagsheimilinu Árnesi.

Skemmtileg samkoma en þar komu fram m.a. þrír nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga, þau Þrándur Ingvarsson í Þrándarholti sem lék á píanó, Sigríður Lára Jónasdóttir, Brautarholti á fiðlu og Ljósbrá Loftsdóttir Tröð, söng

Þá söng Helga Kolbeinsdóttir, Tröð og Glódís Guðmundsdóttur úr Þykkvabæ lék undir og einnig lék hún einleik á flygilinn en hún lýkur einleikaraprófi á píanó nú um jólin. Friðrik Erlingsson rithöfundur flutti áhugavert ávarp og opnaði formlega Safnahelgina. Skúli Sæland opnaði svo Safnarasýningu sem haldin var í Árnesi. Leyfum nokkrum myndum af Safnarasýningunni að tala, til gamans.



Á Safnarasýningunni sem yfir 100 manns sóttu mátti sjá m.a. hnífasafnið hans Knúts frá Haga. Hestasafn frá Ásborgu Arnþ. Mökkabolla frá Hraunteigi. Mjög gamlar stytur, og málverk af Ólafi, Katrínu, eldri og sr. Valdimar Briem eftir Ásgrím Jónsson. Teikningar eftir Katrínu Briem yngri og skrifborð sálmaskáldsins sr. Valdimars Briem ásamt fleiri munum frá Stóra-Núpi. khg

Opnunartímar á Sólheimum.

Verslunin og listhúsið VALA er opið alla virka daga frá kl. 14:00 –18:00 og um helgar frá kl. 13:00—17:00

Kaffihúsið Græna kannan er opin um helgar kl. 13:00—17:00.
Verslum í heimabyggð.



Bleikt konukvöld/konusund

Kvenfélag Skeiðahrepps stóð fyrir bleiku konukvöldi í Skeiðalaug mánudagskvöldið 14. október, til að leggja baráttu Krabbameinsfélags Íslands lið gegn krabbameini hjá konum. Ekki var selt inn en **bleika krukkan** tók á móti frjálsum framlögum sem munu renna óskipt til Krabbameinsfélagsins. Allar konur voru velkomnar og þegar þær mættu í hús tók á móti þeim ljúfir tónar Stefáns Þorleifssonar og þeim voru færðar snyrtivöruprufur frá Unu skincare og Lyfju.

Sigríður Garðarsdóttir kenndi konunum „sundmagadans“ og var hressilega tekið á. Á sundlaugarbakkanum var boðið upp á ferskt grænmeti, ídýfur og bleikan svaladrykk. Dregið var í „sundspila-happadrætti“ og loks slakað á í heita pottinum, spjallað og spáð í norðurljósinn, sem voru einstaklega falleg þetta kvöld. Eftir sundið gæddu konur sér á kaffi og bollakökum með bleiku kremi við undirleik Stefáns. Konurnar fóru glaðar heim með rós(ir) í hendi og margar hverjar líka með happadrættisvinning.

Þetta var virkilega notaleg kvöldstund/notalegt kvöldsund og viljum við færa öllum þeim sem styrktu þessa uppákomu með einum eða öðrum hætti kærar þakkir.



Með góðri kveðju,
stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps.



Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl 09:00 - 10:30
laugardaga kl 10:00 - 12:00



Brautarholt: miðvikud. kl 09:00 – 10:30
laugardaga kl 13:00 - 15:00

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahrejum utan auglýsts opnunartíma **hikið ekki** við að hafa samband í Síma 893-4426.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Fatamarkaðurinn í Bugðugerði 7b, Árnesi!

Til sölu “Second hand” A flokkur af fötum á konur, karla og krakka! Sama verð á öllum stærðum og gerðum! **1.500,- stk.**

Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er yfirleitt heima. Síminn er 663-0289. - Lítið við! Irma.

Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.




Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Kæru sveitungar!

Nemendur 9. bekkjar við Flúðaskóla stefna á Danmerkurferð að ári. Við munum líkt og undanfarin ár standa að fjáröflun til að standa straum af kostnaði við ferðina okkar. Einn liður hennar er flösku/dósasöfnun. Við komum til með að banka uppá hjá ykkar öðru hverju í vetur. Hlökkum til að hitta ykkur.

Kveðjur frá nemendum í 9. bekk



Aukastarfsmann vantar í Félagsmiðstöðina Zero!

Félagsmiðstöðin leitar að hæfum einstaklingi í hlutavinnu á Opnu húsi á fimmtudögum (19:00-22:00), í smíðjur og ferðir. Skilyrði er að einstaklingurinn hafi náð 18 ára aldri og hafi gaman af að vinna með ungl-ingum.

Endilega hafið samband við forstöðumann í síma **774-0015**

Sárabót


Fyrir alla ----- við öllu.

Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur.

Höfum til sölu þetta frábæra krem.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047-8986047-8658776.



50. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 05. nóvember 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Gunnar Örn Marteinnsson. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð. Gerð var athugasemd við að hluti fundarganga hefði borist seint.

1. 63. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita. Mál 21.

Deiliskipulag minkabús í landi Ása – Nýtt ferli. Sjá fylgiskjöl. Máli var frestað á fundi nr. 49. Skafti og Gunnar greindu frá því að þeir hefðu átt samtöl við ábúendur að Ásum, Skaftholti og Stóra-Núpi.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun. Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fyrir minkabú á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða um 4,5 ha spildu sem liggur upp að Stóra-Núpsvegi nr. 382, alveg við minkabúið Mön. Innan skipulagssvæðisins eru tveir byggingarreitir. Í öðrum þeirra verður heimilt að reisa minkahús sem samtals geta orðið allt að 8.880 fm að stærð og í hinum er gert ráð fyrir tveimur allt að 6 m háum tönkum.

Lýsing deiliskipulagsins var kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með auglýsingu sem birtist í Dagskránni, Fréttablaðinu og heimasíðu sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa þann 22. ágúst 2013. Að auki var lýsingin ásamt fylgigögnum send Skipulagsstofnun til umsagnar og til aðliggjandi landeigenda til kynningar. Auk tillögu að deiliskipulagi liggur nú fyrir umsögn

Skipulagsstofnunar dags. 6. september 2013 þar sem ekki er gerð athugasemd við lýsinguna og athugasemd Lex lögfræðistofu.

Þá liggur fyrir skýrsla VSÓ ráðgjafar dags. júlí 2013 sem unnin var fyrir sveitarstjórn og kallast Lykt frá minkabúum - Mat á líklegri lyktarmengun og dreifingu lyktar. Einnig liggur fyrir greinargerð Verkfræðistofu Suðurlands dags. 24. júní 2013 ásamt uppdrætti þar sem farið er yfir mögulega staðsetningakosti fyrir minkabúið innan jarðarinnar Ása.

Tillagan er efnislega samhljóða tillögu frá 5. Maí 2012 sem Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ógilti. Sveitarstjórn hefur brugðist við og unnið úr þeim ágöllum sem voru á þeirri tillögu að mati Úrskurðarnefndar.

Einnig frestaði sveitarstjórn afgreiðslu tillögunnar á fundi þann 01.10 2013 og fól Skafta Bjarnasyni og Gunnari Erni Marteinessyni að ræða við málsaðila. Þær viðræður hafa farið fram án þess að sameiginleg niðurstaða hafi fengist. Gunnar Marteinnsson sagðist andvígur því að tillagan yrði samþykkt og benti á að hætta væri á að sveitarfélagið myndi verða dæmt til að greiða

verulegar skaðabætur. Hann lagði fram eftirfarandi bókun:

Hvort að þau gögn sem lögð eru fram við endurupptöku þessa máls nægja til að koma málinu í gegnum úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála verði málinu aftur vísað þangað ætla ég ekki að leggja mat á, en vísa í fyrri bókanir mínar varðandi þetta mál og þá sérstaklega þann þátt er varðar þá hættu að sveitarfélagið verði bótaskyld taki skipulagið gildi.

Gengið var til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt. Björgvin Skafti Bjarnason, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir og Oddur Bjarnason greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Örn Marteinnsson greiddi atkvæði gegn tillögunni.

2. Fundargerð 64. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita. Mál nr. 14, 15 þarfnast af greiðslu. Mál nr. 7 og 25 lögð fram til kynningar. Gunnar Marteinnsson vék af fundi undir lið nr.14. Fundargerð samþykkt.
3. Endurnýjun leyfis Pizzavagninn. Sveitarstjórn samþykkir endurnýjun leyfisins fyrir sitt leyti.
4. Endurnýjun leyfis Gunnar Örn Marteinnsson, Ferðabjónusta. Gunnar Örn Marteinnsson vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn samþykkir endurnýjun leyfisins fyrir sitt leyti.
5. Endurnýjun leyfis Kristján Guðmundsson. Kertasmiðjan. Sveitarstjórn samþykkir endurnýjun leyfisins fyrir sitt leyti.
6. Friðlýsing íbúðarhúss Valdimars Briem Stóra-Núpi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við friðlýsinguna fyrir sitt leyti.
7. Fjárhagsáætlun viðaukar 2013. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun. Þegar er fyrirsjáanleg hækkun á útgjöldum um 7,9 mkr. Viðauki samþykktur samhljóða.
8. Fjárhagsáætlun 2014. Fyrri umræða. Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Auk þess var lögð fram á áætlun er nær til ársins 2017. Fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu.
9. Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2014. Afgreiðslu gjaldskrá vísað til umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
10. Tillaga að útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda 2014. Afgreiðslu um útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda vísað til umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
11. Ræktunaráætlun Bjarnarlón. Áætlun lögð fram og kynnt.
12. Skólabjónusta í Árnesþingi. Lagt var fram minnisblað frá nefnd oddvita og sveitarstjóra í Árnessýslu. Varðandi velferðar – og skólabjónustu. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu:
Sveitarfélögin sem standa að velferðarbjónustu Árnessýslu utan Árborgar hyggjast stofna skólabjónustu sem taki við þegar Skólaskrifstofa Suðurlands

hættir. Reiknað er með að hafa skólaþjónustuna með velferðþjónustu Árnesþings og yrði þá stofnuð Velferðar- og skólaþjónusta Árnesþings. Kostnaður vegna skólaþjónustunnar er áætlaður um 35 milljónir króna sem skiptist niður á sveitarfélögin í samræmi við fjölda nemenda í leik- og grunnskóla. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir fyrir sitt leiði að auglýst verði eftir þremur starfsmönnum, tveimur kennsluráðgjöfum, bæði fyrir leik- og grunnskóla og einum sálfræðingi sem gæti þá bæði sinnt velferðar- og skólaþjónustunni. Jafnframt felur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að stofnun skólaþjónustunnar.

13. Fyrirspurn frá Gunnar Marteinsyni til sveitarstjóra.

Á 44. fundi sveitarstjórnar sem haldin var í Árnesi 07.05.2013 var eftirfarandi bókað: “Framkvæmdir við gámasvæði við Árnes og fráveitu í Brautarholti. Lagðar voru fram áætlaðar kostnaðartölur þar að lútandi. Samþykkt að bjóða út framkvæmdir við gámasvæði neðan við Árnes ásamt gámaplani. Samþykkt að semja án útboðs við verktaka um framkvæmdir við fráveitu í Brautarholti. Sveitarstjóra falið að halda utan um verkefnið.”

Í framhaldi af þessari bókun óskar undirritaður eftir að fram verði lagt á fundinum hvar vinna við útboð á gámaplani við Árnes sé stödd. Jafnframt óskar undirritaður eftir að á fundinum verði upplýst við hvaða verktaka var samið vegna fráveitu í Brautarholti, hver er staða þeirra framkvæmda og hvaða kostnaður er þegar fallinn á verkið.

Gunnar Örn Marteinson.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi skýringar. Varðandi framkvæmdir við gámasvæði. Hönnun vegar og útboðsgögn hafa verið útbúin af Verkfræðistofu Suðurlands. Tafir hafa verið í skipulagsferli. Breytt útfærsla af deiliskipulagi verður lögð fyrir næsta fund skipulagsnefndar.

Verði sú tillaga afgreidd verður ekkert til fyrir stöðu að bjóða verkið út.

Varðandi framkvæmdir við fráveitu í Brautarholti.

Samið var við Nesey um að verkið. Kostnaður nam kr. 7.255.000

Verkinu lauk í lok júní síðastliðnum.

14. Tillaga um sorphirðu frá Gunnari Marteinsyni.

Sveitarstjórn samþykkir að undirbúa útboð á sorphirðu í sveitarfélaginu sem gerir ráð fyrir tveggja tunnu kerfi en ekki þriggja tunnu eins og gert var í síðasta samningi um sorphirðu. Með samþykkt þessarar tillögu fellur úr gildi fyrri ákvörðun sveitarstjórnar sem byggir á tillögu umhverfisnefndar frá 23.04.2013 um að semja við Íslenska gámafélagi án útboðs til september 2015, enda telur flutningsmaður tillögunnar hæpið að slíkt standist innkaupareglur sveitarfélagsins.

Gunnar Örn Marteinson

Greinargerð:

Þegar samið var á sínum tíma við Íslenska gámafélagið um sorphirðu án útboðs byggði það á því sjónarmiði að það fyrirtæki var það eina sem bauð uppá þriggja tunnu kerfi í sorphirðu, en það var í samræmi við metnaðarfull markmið sveitarstjórnar á þeim tíma, á þeim tíma sem sá samningur var gerður voru ekki í gildi innkaupareglur hjá sveitarfélaginu. Nú er rúmlega ár síðan samningurinn við Íslenska gámafélagið rann út og því löngu tímabært að undirbúa útboð á þessum málaflokki, auk þess hefur sveitarstjórn samþykkt tillögu umhverfisnefndar að hætta söfnun á lífrænum úrgangi án þess að koma með raunhæfar lausnir í staðinn sem koma í veg fyrir að lífrænn úrgangur fari með almennu sorpi, það er því eðlilegur framgangur að miða útboð á sorphirðu við tveggja tunnu kerfi sem mörg sveitarfélög eru með. Einnig er rétt að benda á að ekki hefur verið lagður fram nýr samningur við Íslenska gámafélagið í sveitarstjórn til staðfestingar, ekki er því um að ræða samnings rof þó svo tillaga um útboð verði samþykkt.

Tillagan var felld. Gunnar Örn samþykkti, Oddur Bjarnason sat hjá. Skafti, Jón og Harpa Dís voru á móti.

15. Beiðni Kvennaathvarfs um styrk. Samþykkt að styrkja Kvennaathvarf um 25.000 kr.
16. Stofnun veiðideildar um Fossá. Sveitarstjóri kynnti þörf á að stofna veiðideild um Fossá í Þjorsárdal með öðrum er fara með nýtingarrétt árinna. Það eru Skógrækt ríkisins og Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða. Sveitarstjóra falið að vinna að stofnun veiðideildar um Fossá í samstarfi við Skógrækt ríkisins og Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða.
17. Fundargerðir Fræðslunefndar Flúðaskóla. Fundargerðir staðfestar.
18. Fundargerð fræðslunefndar vegna æskulýðsmála. Fundargerð staðfest.
19. Fundargerð Afréttarmálafélags Gnúpverja. Fundargerð samþykkt.
20. Fundargerð Skólanefndar. Máli frestað til næsta fundar.
21. Gjaldskrá Brunavarna Árnessýslu og heimildarbeiðni um lántöku.
Sveitarstjórn samþykkir að veita Brunavörnum Árnessýslu einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhlut 31.12.2012 að fjárhæð 300.000.000 kr. Sveitarstjóra falið að undirrita tilheyrandi skjöl.
22. Samningur við Þjorsárdalslaug ehf. Máli frestað.
23. Samningur um Sorphirðu við Íslenska Gámafélagið. Samningur staðfestur með fjórum atkvæðum. Skafti, Harpa Dís, Jón voru samþykk. Oddur sat hjá. Gunnar Örn var á móti og taldi eðlilegar að málið færi í útboð.
24. Ráðning Rekstraraðila í Árnes og á Tjaldsvæði. Sveitarstjóra falið vinna að samningi við Rósu Kr. Benediktsdóttur.

Mál tilkynningar á næstu síðu.

Mál til kynningar

- A. Þingsályktunartillaga um fæðingarorlof.
 - B. Proskahjálpi Ályktun.
 - C. 228. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
 - D. 229. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
 - E. 230. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
 - F. 230. Stjórnarfundur SASS.
 - G. 151. Stjórnarfundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
 - H. 155. Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
 - I. 156. Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
 - J. 157. Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
 - K. 471. Stjórnarfundur SASS.
 - L. 472. Stjórnarfundur SASS.
 - M. 231. Stjórnarfundur SASS.
 - N. Fundur samstarfsnefndar Sambands Sv. Fl, KÍ og SNS
 - O. Fundur samstarfsnefndar Sambands svf og sjúkraliða.
 - P. 3. Fundargerð fagráðs Brunavarna Árnæssýslu.
 - Q. 4. Fundargerð fagráðs Brunavarna Árnæssýslu.
 - R. Boðsbréf Umhverfising.
 - S. Punktir frá fundi um Rammaskipulag í Þjórsárdal.
 - T. Skýrsla sveitarstjóra.
 - U. Matarsmiðjan.
- Fundi slitið kl 16:47.

Næsti fundur ákveðinn 19. nóvember næstkomandi.

Íþróttir og æskulýðsstyrkur !

Foreldrar, forráðamenn barna á aldrinum

**6—18 ára með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,
(átt er við afmælisárið.)**

Minum á æskulýðsstyrkinn kr. 50. þúsund sem hvert barn getur nýtt sér á þeim aldri ef viðkomandi stundar viðurkennt íþróttir eða tómstundastarf og á lögheimili í sveitarfélaginu! Skila þarf **frumriti kvittunar eða reiknings** með umsókninni. Umsóknareyðublað á

www.skeidgnup.is/stjornkerfið/eyðublað.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni 486-6100.



LYKLAR AÐ ÁHRIFAMIKLU MARKAÐSSTARFI

SASS—Samtök sunnlenskra sveitarfélaga bjóða upp á markaðsnámskeiðið “ “Lyklar að áhrifamiklu markaðsstarfi” með Þórönnu K. Jónsdóttur.

Á námskeiðinu er farið yfir mikilvægi skýrrar stefnu í markaðsmálum, skoðað hverra er best að selja til, hvernig best er að aðgreina sig frá samkeppninni, hugtakið brand eða ímyndarstjórnun, útskýrt og hvernig sú aðferðarfræði getur elft markaðsstarfið til muna. Þátttakendur fá lista með helstu markaðsaðgerðum sem nýfast minni fyrirtækjum og farið verður yfir hvað þessar aðgerðir fela í sér.

Námskeiðið tekur 4 klst.

**Skráning fer fram á www.fraedslunet.is
eða í síma 560-2030**

Kennari: Þóranna Kristín Jónsdóttir

Lágmarkspátttaka: 6 manns

Tími: Þriðjudagur 19. nóvember kl. 16:00—20:00

Staður: Félagsheimilið á Flúðum

Námskeiðsgjald aðeins 1.500,-

(SASS greiðir niður námskeiðið, verð er annars 15.900,-kr.)



Aðventukvöld í Brautarholti 1. des.

Hefðbundið aðventukvöld veður haldið í
Brautarholti. 1. des kl. 20:00.

Helgileikur nemenda í
Þjórsárskóla,
Ávarp sr. Eiríks Jóhannssonar sóknar-
prests, kórsöngur og kaffisopi.

Allir velkomnir .



Skeiðalaug, veturinn 2013 – 2014.


Eftir að sumaropnun lauk í Skeiðalaug þann 18. ágúst, var ákveðið að hafa Skeiðalaug opna á fimmtudagskvöldum kl. 18-22, og á sunnudögum kl. 11-16.

Skeiðalaug verður opin sunnudaginn 24. nóvember kl. 11-16, en lokað verður á sunnudögum eftir það. Nánast engin aðsókn hefur verið í Skeiðalaug á sunnudögum í haust.

Áfram verður opið í Skeiðalaug á **fimmtudögum kl. 18-22.**

Neslaug verður áfram opin á **þriðjudagskvöldum kl. 18-22**, og á **laugardögum kl. 11-16**. Stefnt er á að hafa þennan opnunartíma í desember-janúar-febrúar-mars. Í byrjun apríl verða opnunartímar endurskoðaðir með meiri opnun í huga.

Umsjónarmaður.




Brottför úr Reykjavík, Hédinsgata 1 –3

Mánudaga — föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Flutningaþjónusta Unnars. Sími 856-1580



Kæru ættingjar og vinir.

Í tilefni af fimmtugs afmæli Sigurðar þann
14. nóvember nk. verðum við með opið hús í félagsheimilinu Árnesi
laugardagskvöldið 16. nóvember nk. frá kl. 20:00.

Okkur þætti gaman að sjá ykkur !
Sigurður og Sigríður Björk, Steinsholti.

Þjóðbúninganámskeið

Áttu þjóðbúning sem þú vilt laga eða sauma þér
nýjan upphlut eða peysuföt??

Ég er að kanna áhuga á að halda þjóðbúninga-
námskeið á Flúðum eftir áramót á vegum Annríki
– Þjóðbúningar og skart.

Námskeiðið byggist upp á fjórum helgum og er
námskeiðsgjald kr. 115.000,-

Áhugasamir hafið samband í síma 893 6423 eða netfang:

ellajona@ellajona.net



Með von um góðar undirtektir.

Ella Jóna í Tungufelli

Nýtt orgel í Stóra-Núpskirkju!



Þann 24. nóvember n.k. verður hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14:00.

Tílefnið er að þá verður nýtt orgel tekið í notkun sem Björgvin Tómasson orgelsmiður á Stokkseyri hefur smíðað.

Hljóðfærið kemur í stað þess er selt var til Háþéjarkirkju í Þykkvabæ á dögunum og vonast sóknarnefnd til þess að hljóðfærið þjóni hlutverki sínu vel. Eftir messu er öllum kirkjugestum boðið til kaffisamsætis í Félagshéimilinu Árnesi.

Viðhaldsmat

Nú fer fram viðhaldsmat á kirkjunni og eru þar fremstu sérfræðingar landsins að verki á þessu sviði hvað varðar verkfræði/arkitektúr/málningu og tréverk, og miðar vinnu vel áfram. Niðurstaðan verður kynnt á næsta aðalsafnaðarfundir vonandi í mars n.k.

Ljósatund

Sóknarnefnd býður aðstoð sína eins og tvö undanfarin ár við að setja ljós á leiði í garðinum **laugardaginn 30. nóvember kl.15:00**. Þegar ljósin hafa verið kveikt verður farið inn í kirkju og sr. Eiríkur verður með stutta helgistund, síðan boðið upp á kakó og jólasnákökur. Við hvetjum fólk til að nýta sér tækifærið, rafvirki verður á staðnum með allar græjur!

Jól

Hátíðarguðsþjónusta verður á jóladag í **Stóra-Núpskirkju kl. 11:00**.

Söfnun

Við minnum á söfnunina sem Biskup Íslands kynnti í nýjársávarpi sínu. Kallað er eftir því að hver sókn landsins leggi sitt af mörkum fyrir sem kallast línuhraðall og gagnast í baráttunni við krabbamein.

Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning 0301-26-050082, kt. 460169-6909.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma:

9041000 til að gefa 1000 krónur

9043000 til að gefa 3000 krónur

9045000 til að gefa 5000 krónur


Í næstu messum er ætlunin að láta söfnunarbauk ganga ef einhver kys að leggja málefnið lið með þeim hætti frekar en að leggja inn á reikning eða með því að hringja.

Sóknarkveðja frá Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.

Jólabasar 23. nóvember í Brautarholti á Skeiðum!



Árlegur jólabasar Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn í Brautarholti, laugardaginn 23. nóvember n.k. klukkan 14:00.



Handverk, kökur og ýmislegt fleira verður til sölu ásamt veitingum og jólakortum frá SSK. Og ekki gleymum við tombólunni!

Posi verður á staðnum.

Svo minnum við kvenfélagskonur á að koma með hluti daginn áður, verðum í Brautarholti milli 16:00 - 18:00 föstudaginn 22. nóvember.

Einnig er hægt að koma hlutum til Jóhönnu Lilju, Helgu, Millu eða Gunnu Sigu í Brautarholti

Boðið er upp á sölubása fyrir handverksfólk.

Þeir sem hafa áhuga hafi samband við

Jóhönnu Lilju 696 6877 og

Helgu 865 4439

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.



Kvenfélagskonur Skeiðahrepps.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra


ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599




Á bak við eldavélina

Það er Einar Bjarnason, Hamragerði 11, Árnosi sem leyfir okkur að líta í sínar kokkabækur í nóvember.

Hægeldað / moðsteikt uppsveitar lambalæri.

Hef notað þetta nokkrum sinnum í ýmsum útgáfum og gerir gott uppsveitar-lambakjöt enn betra. Frábært að stinga þessu bara í ofninn, skreppa út í eitthvað fjallabrólt, göngutúr, reiðtúr eða bara í góðan hitting á næstu bæi. Gangsa svo að tilbúnum veislumat með öllu við heimkomu. Eldunartími á sósu er sirka 30-40 mín.

Uppskriftnin er náttúrulega stolin héðan og þaðan, eitthvað smá frá mér sjálfum. Tekur sirka 6 – 7 klst að elda og dugir fyrir 5 -8 manns.



Uppskrift

1 stk uppsveitarlambakjöt sirka 3 kg

½ til 1 dl ólífufuolía

1 – 2 hvítlaukar

5 -10 gulrætur

2 sætar kartöflur

10-15 kartöflur

2 rauðlaukar

1 – 2 paprikur

Sítrónupipar,

Piparkorn

Lambakjötskrydd (sem er til)

1 – 2 Kjöt og grænmetis teningar.

Salt.

Sirka ½ l vatn

Hita ofninn í 80 °C undir og yfirhita. Borið á lærið ólífufuolía og kryddað með sítrónupipar salti og lambakjötskryddi.

Kartöflur flysjaðar og skornar í litla bita.

Laukurinn gulræturnar paprikan og piparinn sömuleiðis.

Öllu raðað í botninn á steikarpottinn og vatninu hellt yfir. Piparkornum + sirka 2 kjötkraftsteningum bætt við ásamt einum grænmetisteningi. Kjötið er síðan lagt yfir grænmetið og lokið sett á.

Það er frekar mikilvæg að nota kjöthitamæli við þetta þar sem ofnar eru mjög mismunandi nákvæmir og því getur tíminn verið nokkuð breytilegur.

Mér finnst best að miða við að kjötið sé tilbúið þegar kjarnhitinn er búinn að ná 60-65°C Þegar kjötið er fullsteikt (60-65°C) er gott að taka grænmetið og soðið úr skúffunni og síða soðið frá grænmetinu og kartöflunum sem er borið fram sem meðlæti en soðið nýtt í sósuna.

Setja ofninn á fullan styrk (grill) og brúna kjötið í sirka 10 mín til að fá smá pöru, taka það síðan út og leyft að jafna sig í 10 – 15 mínútur meðan sósan er löguð.



Sósa:

Gott er að fleyta mest af fitunni ofan af soðvökvanum áður en byrjað er

- 40 g smjör
- 40 g hveiti
- 3 dl rjómi
- 2 tsk rífsberjahlaup
- 1 msk sojasósa
- Sósulitur
- Salt og pipar

Smjörið er brætt í potti og hveitinu þeytt saman við. Því næst er síaða vökvanum bætt út í smjörbolluna smátt og smátt á meðalhita og pískað vel á meðan. Þá er rjómanum bætt út í auk lambakrafts og sósan smökkuð til með kryddum, rífsberjahlaupi og sojasósu. Ef sósan er þunn er hægt að þykkja hana með sósujafnara.



Næsti matgæðingur

Finnst upplagt að fá mann sem farið hefur víða og prófað mikið af lystisemdum þessa lands og annarra í gegnum árin. Og sting ég því uppá lífskúrnsternum og heimsmanninum Þóri Árnasyni til að deila með okkur einhverjum brotum af því sem hann hefur pikkað upp á sínum ferðum.

Kveðja

Einar Bjarna.

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri: María Kristjánsdóttir

Þjósárdalur og afréttakortið fæst á skrifstofunni!
Mynddiskurinn um Þjósárdal eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson. Kr 1500,- **Afréttakortið**, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins 500,- **Gott með í pakkann ☺**



Smárafréttir



NÓVEMBER 2013

ÁRSHÁTÍÐ SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA var haldin á Flúðum 19 október. Tókst hátíðin í alla staði frábærlega, góður matur hjá Bjarna á Blesastöðum og co, Örn Árnason fór á kostum sem veislustjóri og Stuðlabandið hélt uppi góðu balli fram eftir nóttu. Gunnar Jónsson Skeiðháholti var formaður árshátíðarnefndar fyrir hönd Smára og á nefndin og aðstoðarfólk hennar stórt hrós skilið fyrir frábæra vinnu og góða skemmtun.

SÝNIKENNSLA Í REIÐHÖLLINNÍ Á FLÚÐUM

**FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ
28 NÓVEMBER KL. 20.00**

ÆTLAR HINN LANDSKUNNI

KNAPI **JAKOB SVAVAR**

SIGURÐSSON AÐ FRÆÐA

OKKUR UM UPPBYGGINGU

KEPPNIS OG REIÐHESTA

MEÐ SÉRSTAKA ÁHERSLU

Á TÖLT. **JAKOB** ÞARF VART

AÐ KYNNA EN HANN

HEFUR NÁÐ FRÁBÆRUM

ÁRANGRI Í ÞJÁLFUN OG

SÝNINGU

KYNBÓTAHROSSA OG VERIÐ ÁBERANDI Á KEPPNISVELLINUM

UNDANFARIN ÁR OG HVETJUM VIÐ YKKUR EINDREGIÐ AÐ MISSA

EKKI AF FRÆÐANDI OG SKEMMTILEGRI KVÖLDSTUND.



ALLIR VELKOMNIR AÐGANGSEYRIR 1000.–

HAUSTFUNDUR Smára var haldinn í byrjun október.

Æskulýðsnefndin kynnti sitt starf sem er fjölbreytt og þar má finna eitthvað fyrir alla. T.d. Brokk og Skokk sem kynnt var sérstaklega á fundinum. Myndir frá keppninni og video má finna inn á facebook og einnig á youtube með því að leita að **BROKK OG SKOKK** eða slá inn eftirfarandi slóð <http://www.youtube.com/watch?v=0F8YljWfMQs>



Mótanefnd sagði frá sínu starfi og kynnti einnig nokkrar breytingar á fyrirkomulagi vetrarmóta sem verður bryddað upp á í vetur. Þessar breytingar verða kynntar betur þegar endanleg útfærsla liggur fyrir. Málefnalegar og góðar umræður voru á fundinum og ljóst er að margt er framundan í vetur.

HELSTU VIÐBURÐIR VETRARINS

28 NÓVEMBER	SÝNIKENNSLA – JAKOB SVAVAR
JANÚAR	ADALFUNDUR
8 FEBRÚAR	ÚRTAKA FYRIR UPPSVEITAEILD
15 FEBRÚAR1	VETRARMÓT
21 FEBRÚAR	FJÓRGANGUR UPPSVEITAEILD
8 MARS	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
15 MARS	2 VETRARMÓT
28 MARS	FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD
5 APRÍL	3 VETRARMÓT
16 APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA
19 APRÍL	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR
25 APRÍL	TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD
1 MAÍ	FIRMAKEPPNI
4 MAÍ	UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

Inn í þetta mun bætast smám saman tímasetningar á reiðnámskeiðum, fyrir börn og fullorðna sem og aðrir viðburðir sem ákveðnir verða svo fylgist vel með og hvetjum við alla til að skipuleggja sig tímalega og taka þátt í viðburðum hestamannafélagsins.

Til að hafa starf félagsins sem virkast og fjölbreyttast þurfa félagsmenn að hjálpast að og sem flestir að leggja sitt af mörkum. Nú þegar skipulagning vetrarstarfs er að hefjast hvetjum við þá sem hafa áhuga á að starfa í nefndum, stjórn eða vilja koma hugmyndum sínum á framfæri að hafa samband við okkur í stjórninni eða senda póst á smari@smari.is

Með von um ánægjulegt samstarf og samveru í fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum vetrarins.
STJÓRNIN

Frá Vörðukórnum.

Um síðustu mánaðamót fór Vörðukórinn í söngferð til Berlínarborgar.

Ferðin tókst í alla staði mjög vel og fékk kórinn fína aðsókn og góðar viðtökur á þrennum tónleikum í Berlín og nærsveitum. Kórinn flutti eingöngu íslenska tónlist, bæði nýja og þekkta í fjölbreyttri dagskrá.

Þar sem kórinn er enn heitur og kórfélagar stoltir af framlagi sínu hefur verið ákveðið að flytja dagskrá Berlínarferðarinnar á heimavelli kórsins á tónleikum **í Félagsheimilinu á Flúðum föstudaginn 29. nóvember kl. 20:30.** Nánar auglýst síðar.

Með söngkveðju
Stjórn Vörðukórsins.

 **VÖRÐUKÓRINN**

Aðventuferð

Í stað hins árlega aðventufundar
Kvenfélags Gnúpverja ætlum við í
aðventuferð.



Áætluð dagsetning er
laugardaginn 7. desember, frá morgni til kvölds.
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til
Álfheiðar 895-9494 alfheidurv@gmail.com eða
Kristínar 846-5422 kristin@thjorsarskoli.is
fyrir 1. desember.



Vantar þig sérstaka gjöf?


Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 898-6047 / 486-6047.



Menn og málefni!



Þessi virðulegu hjón eiga gullbrúðkaup 16. nóvember og í tilefni þess ætla þau að vera stödd úti á miðju Atlantshafi á leið til Tortola. Gaman væri ef þið sæjuð ykkur fært um að kíkja við hjá okkur.
Bestu kveðjur til allra heima. Bogga og Bjarni.


Körfuboltaæfingar í Árnesi

Nú er körfuboltaæfingarnar að hefjast í Árnesi hjá UMF Gnúpverja. Æfingar eru á fimmtudagskvöldum kl. 20:30. **Nýjar körfur.**



Allir velkomnir - konur og karlar! **UMFG.**

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.





Landgræðsluferð 17. október


Við fengum Sigbrúði Jónsdóttir í heimsókn til okkar í skólann og hún fræddi okkur um lífbreytileika. Það var mjög áhugavert. Síðan fórum við upp á Skaftholtsfjall þar sem skipt var í aldurshópa og unnin verkefni. Nemendur í 1.-2. bekk dreifðu rúllum, 3.-4. bekkur sáði birkifræjum, sem nemendur höfðu safnað við skólann og 5.-7. taldi og skráði fjölda plantna við mismunandi aðstæður. Veðrið var frábært og þetta var góð ferð í alla staði.



Stærðfræði 5.-7. bekkur

Tölfræði og líkindi hafa verið

aðalviðfangsefnið í stærðfræði síðustu vikunnar. Nemendur unnu hópverkefni þar sem gögnum var safnað af skólalóðinni og unnin úr þeim veggspjöld með texta og myndriti. Einn hópur valdi að flokka hellur, annar tré, einn litinn á húsunum í hverfunum, einn leiktæki og einn form. Nemendur völdu sjálfir viðfangsefnið og var niðurstaðan fjölbreytt og skemmtileg.



Fréttir frá 1-2. bekk

Undanfarinn mánuð hefur verið tölfræðilota í stærðfræðinni. Nemendur í fyrsta og öðrum bekk fóru þá í bangsastærðfræði. Í henni voru athuguð mismunandi einkenni bangsanna, t.d. hvort þeir voru í fötum, með skott eða dindil og lengd

skotts/dindils. Niðurstöðu voru teknar saman og gert súlurit út frá því. Hér má sjá hópinn með bangsana sem voru til rannsóknar. Elstu börn leikskólans hafa verið hjá okkur á fimmtu-dögum í október og verða áfram í nóvember. Unnið hefur verið með þemað Kárius og Baktus og margt skemmtilegt komið fram í þeirri vinnu. Hingað til höfum við fræðst um tannhirðu, heilsu og heilbriggt matarræði og heiti



líkamshluta sem límd voru á stóran Kárius sem nemendur höfðu litað í sameiningu.

Samningur hjá nemendum í 1.-2. bekk

Nemendur í 1.-2. bekk hafa verið að læra um Olweus og eineltishringinn. Ákváðu þau að gera samning með sér um hvernig þau ætla að vera sem nemendur og vinir í bekknum. Þau ætla að hjálpast að, sýna vinnsemd, vera kurteis, rétta upp hönd, hrósa hvert öðru, vera vinnusöm, vera glöð, vera góð við aðra, vera vinir og leyfa öllum að vera með. Þau myndskreyttu samninginn og síðan var samningurinn innsiglaður með handarfarinu þeirra.



Flottir vinir

Við strákarnir í 6. og 7. bekk bjuggum til risastóran turn saman og síðan nokkur hús úr kaplakubbum. Í lokin bjuggum við til eitt risastórt virki til þess að athuga hvort það myndi þola þyngdina ef einhver stæði ofan á því. Það virkaði. Sigurður Arnar (7.bekk)



Jól í skókassa

„Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni KFUM

og KFUK sem felst í því að gleðja önnur börn með því að gefa þeim jólagjafir. Þetta er hluti af vinnu okkar með sjálfbærni í Þjorsár-

skóla og höfum við tekið þátt í þessu verkefni undanfarin ár. Allir nemendur í skólanum bjuggu til sinn kassa og komu með í hann dót frá sínu heimili. Alltaf gott að gleðja aðra. Skókassarnir verða sendir til Úkraínu. Íslensku skókössunum verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.



Krakkafrjálsar 31. október

Fimmtudaginn 31. október fóru allir nemendur í 1.-4. bekk að Laugarvatni og tóku þátt í Krakkafrjálsar sem fyrstu árs nemar í Háskóla Íslands á íþróttasviði stýrðu. Nemendum var skipt upp í þrjú lið, fengu sinn liðstjóra og völdu sér nafn á hópinn. Hóparnir hétu Stubbarnir, Gull og Dömurnar. Tveir nemendur tóku þátt í blönduðu liði. Mótið var vel skipulagt og börnunum fannst gaman. Okkar nemendur stóðu sig vel, voru stillt og þrúð og til fyrirmyndar í alla staði. Verkefni eins og þetta fellur undir þróunarverkefnið Heilsueflandi grunnskóli. Frétt um mótið og myndir má einnig finna á heimasíðu Íþróttافرæðasetursins <http://vefsetur.hi.is/laugarvatn/>, Árdís, Bente og Hilja **Skógarferð**

Föstudaginn 1. nóvember fórum við í verkefnavinnu inn í skóg. Þemað var íslenska og samfélagsfræði. Áhersla var á örnefni, fjöll, kort og áttir. Nemendur unnu í stöðvum eftir aldri; bjuggu til kort, æfðu sig að rata eftir korti, sömdu til haustljóð, hlustuðu á hljóðin í náttúrunni og fundu uppáhaldsstaðinn sinn.



Dagur íslenskrar tungu

Föstudaginn 15. nóvember ætlum við að halda upp á dag íslenskrar tungu með skemmtun í Árnesi sem hefst kl. 20. Þemað verður afmælisár Brautarholtsskóla og Ásaskóla. **Allir velkomnir.** Kveðja úr skólanum. Kristín og Bolette.





Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Heilsulind frá landnámi

Opnunartími í vetur er frá 11–21 alla
daga vikunnar.

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér
að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is/is>

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Sýning á GIANT - liðléttingum

Föstudaginn 22. nóvember verðum við með kynningu á Giant liðléttingum í húsakynnum okkar í Gunnbjarnarholti

Kl. 14 - 17

"Lið" - léttar veitingar



Nóvembertilboð á Josera Supramil T kálfamjólkurdufti

Þú kaupir 10 poka af Supramil T kálfadufti og færð ellefta pokann frian

Verð pr/líter kálfamjólkur aðeins

kr. 34,- án/vsk*



=11

*Verð miðast við 130 gr. í 1 líter af vatni og er án vsk.

SUEVIA

Brynningaskálar - Vatnskör



Hitapráðir

Hitapráðir með innbyggðum hitanema

Kveikir á sér við +3°C slekkur á sér þegar hitastigið fer í +10°C

Fæst í ýmsum lengdum.



Josera kattafóður



Josera kattafóður nú fáanlegt í 10 kg. pokum.

Hagstæðar pakkningar



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opnunartími sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Neslaug

s: 486-6117



priðjudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16

Skeiðalaug

s: 486 5500

Fimmtudaga: 18 — 22

Sunnudaga: 11 — 16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Frá og með 1. desember n.k. verður
Skeiðalaug lokuð á sunnudögum.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.



**Hætt er að selja ofan í laugarnar
hálf tíma fyrir lokun.**

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Umsjónarmaður

Eypór Brynjólfsson



www.skeidgnup.is